


**50**  
**ÁR YEARS**

Fríblað Your Free Copy



**2023**



# Í þetta hús á að vera gott að koma...

**Hér á að ríkja það andrúmsloft sem dregur borgarbúa til sín. Menningarlegt umhverfi, sem fólki líður vel í, en þó engin lognmolla. Hér eiga menn að geta tekið afstöðu með eða á móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum. Rökrætt og deilt, ýmist á fundum eða sín á milli yfir kaffibolla. Í þetta hús á að vera gott að koma.**

Þessi orð lét þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Birgir Ísleifur Gunnarsson, falla í sýningarskrá fyrstu sýningarinnar sem opnuð var í nýju myndlistarhúsi í Reykjavík 24. mars árið 1973. Á sýningunni voru verk Jóhannesar S. Kjarvals og fljótlega var húsið kennt við listamanninn og nefnt Kjarvalsstaðir.

Kjarvalsstaðir voru fyrsta húsið sem reist var hérlandis sérstaklega til að sýna myndlist og varðveita. Húsið er byggingarlistarlegt undur sem ástæða er til að gefa gaum. Ekki hefur alltaf ríkt friður um starfsemina eða hönnun hússins og hafa viðhorf manna mótast af tíðaranda hverju sinni. Lengi var til dæmis deilt um loftið í sýningarsölunum – hvort það stæði myndlistinni fyrir þrifum eða hvort hönnun þess væri einstök lausn í sýningarsal. Form loftsins er áberandi og það veitir dagsbiru inn í sýningarsalina án þess að listaverkin séu böðuð beinu dagsljósi. Nú, áratugum eftir að þessar deilur voru til

lykta leiddar, hefur loftið áunnið sér stöðu sem byggingarlistarlegt snilldarverk og er eitt af einkennum hússins sem allt ber svip af glæsilegum stílbrögðum arkitektsins Hannesar Kr. Davíðssonar. Kjarvalsstaðir eru einstakur vitnisburður um norrænan mórernisma í byggingarlist, þar sem áhersla er lögð á ómeðhöndluð náttúruþefni og sjónsteypa er einkennandi.

Margt hefur breyst á þeim 50 árum sem liðin eru frá opnun Kjarvalsstaða. Nú eru Kjarvalsstaðir starfræktir undir merkjum Listasafns Reykjavíkur og hluti af öflugri heild listasafna Reykjavíkurborgar ásamt Ásmundarsafni og Hafnarhúsi. Hlutverk Listasafns Reykjavíkur er að safna, varðveita, rannsaka og miðla myndlist, og gera borgarbúum og gestum þeirra kleift að fylgjast með því sem er að gerjast í myndlist. Nú telur safneignin meira en sautján þúsund listaverk af öllum gerðum, og er stór hluti safneignarinnar einstaklingssöfn listamannanna Kjarvals, Ásmundar Sveinssonar og Errós en einnig eru í safneigninni 4517 verk eftir íslenska listamenn frá ýmsum tímum, en einkum þó frá því eftir 1973 þegar Kjarvalsstaðir voru opnaðir. Í safneign Listasafns Reykjavíkur er einnig fjöldi verka eftir 189 erlenda listamenn með alþjóðlegan feril og tengsl við safnið eða við menningu og náttúru á Íslandi.

Listaverkin sem safnið varðveitir eru vissulega sá grunnur sem starfsemin stendur á, og er sýnilegastur í rannsóknum, útgáfum og sýningum á verkum Kjarvals, Errós og Ásmundar. Með sína ólíku sýningarstaði hefur Listasafn Reykjavíkur einnig mikilvægu hlutverki að gegna sem sýningarvettvangur starfandi listamanna, þar sem verk listamanna, markmið þeirra og hugmyndir ná til fjölda fólks. Þannig er safnið vettvangur þar sem fólk getur speglað sig og samtíð sína í hugmyndum listamanna.

Margt hefur breyst á 50 árum, jafnt á vettvangi safnsins, í starfsumhverfi listamanna og í væntingum gesta til miðlunar, þjónustu og aðgengis. Þau orð sem fylgdu starfinu úr hlaði fyrir hálfri öld eru þó enn í fullu gildi. Í safnhús Listasafns Reykjavíkur á að vera gott að koma en þar á ekki að ríkja lognmolla.

Í þeim anda er leiðarljós safnsins að vera lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynna fjölbreytileika myndlistar og upplifa margbreytilegt samhengi sköpunarverka listamanna.

**Til hamingju með 50 árin á Kjarvalsstöðum. Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri**

# This house should be enjoyable to visit...

**Here, the atmosphere should attract the citizens. A cultural ambience that makes people feel comfortable, but by no means stagnant. Here, people should be able to take a stand for or against trends and movements in art and culture. Debated and shared, in meetings and over coffee. This should be a nice place to visit.**

These words were spoken by the then mayor of Reykjavík, Birgir Ísleifur Gunnarsson, in a catalogue for the first exhibition opened in a new art building in Reykjavík, 24 March 1973. The exhibition contained works by Jóhannes S. Kjarval and the building was soon after named after the artist and called Kjarvalsstaðir.

Kjarvalsstaðir was the first building erected specially to display and preserve art in Iceland. The building is an architectural wonder, worth paying attention to. It's design and operation have through the years been hotly debated, people's opinions coloured by the Zeitgeist each time. For example, the galleries' ceiling was a bone of contention for years, whether it prevented proper display of the artworks or was a brilliant solution. The ceiling's form is very striking, it brings daylight into the galleries without bathing the art in direct light. Now, decades after these disputes have been

laid to rest, the ceiling has been recognised as an architectural masterpiece and one of the distinctive features of the building, in the magnificent style of architect Hannes Kr. Davíðsson. Kjarvalsstaðir remains a unique testimony to Nordic modernism in architecture, with focus on untreated, natural material and exposed concrete.

A lot has changed in the 50 years since Kjarvalsstaðir opened. The building is now run by Reykjavík Art Museum, a part of a powerful ensemble of museums in the city, along with Ásmundarsafn and Hafnarhús. It is Reykjavík Art Museum's mission to collect, preserve, examine and communicate art, allowing the people and visitors of the city to see what is happening in the art world. Now, the collection has more than seventeen thousand artworks of all types, a large part of that being the individual collections of artists Kjarval, Ásmundur Sveinsson and Erró, but there are also 4517 works by Icelandic artists from different periods, mostly after 1973, when Kjarvalsstaðir opened. The museum collection also has numerous works by 189 foreign artists with international careers and connections to the museum or to Icelandic nature and culture.

The artworks are undeniably the foundation of the museum's operation, most visible in the

research, publications and exhibitions of the works of Kjarval, Erró and Ásmundur. Reykjavík Art Museum, and its different locations, plays an important role as a stage for working artists, where their work, their goals and their ideas can reach the masses. In that way, the museum is a platform where people can reflect upon themselves and their contemporary times in the ideas of the artists.

Much has changed in the last 50 years regarding the museum scene, the working environment of artists, and concerning visitors' expectations towards communication, service and access. However, the words spoken at the launch of its operation half a century ago are still valid. The museum buildings of Reykjavík Art Museum should be enjoyable places to visit, never still or silent.

Thus, it is the museum's guiding light to present as a vibrant and progressive scene with an opportunity to get acquainted with diverse art and experience the complex context of artistic creation.

**Congratulations on 50 years at Kjarvalsstaðir. Museum Director Ólöf Kristín Sigurðardóttir**

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Musuem Director. Mynd Photo: Róbert Reysson.



Kjarvalsstaðir, 1979. Mynd Photo: Ljósmyndasafn Reykjavíkur Reykjavík Museum of Photography





# Kviksjá – listaverk í safneign Listasafns Reykjavíkur

**Kviksjá** er yfirskrift sýningaraðar þar sem við skoðum listaverk í safneign Listasafns Reykjavíkur. Í ár fagnar safnið því að 50 ár eru liðin frá því fyrsta aðsetur safnsins var formlega opnað á Kjarvalsstöðum. Í tilefni tímamótanna er sérstakur gaumur gefinn að safneigninni og tækifærið nýtt til þess að skoða og sýna gersemar sem þar eru varðveittar. Safnið er í eigu Reykjavíkurborgar og þar með allra borgar-búa. Nú gefst möguleiki á að kynna sér hver þessi sameign okkar er.

Í safninu eru nú rúmlega sautján þúsund skráð verk af öllum gerðum unnin í fjölbreytta listmiðla, allt frá skissum og rissi eftir meistara Kjarval til samtímalistaverka eftir unga sem aldna listamenn.

Kviksjá (e. kaleidoscope) er leikfang sem brýtur upp hefðbundið sjónsvið og gefur kost á því að njóta þess að skoða veruleikann í brota-kenndu mynstri. Safneign í listasafni má segja að lúti sömu lögmálum. Aldrei gefst kostur á að skoða safnið nema að hluta í ólíkum samsetningum og nýju samhengi. Um leið er safneignin ekki nema brotkennt úrval af listsköpun á hverjum tíma og sýn manna á verkin lituð ríkjandi tíðaranda hverju sinni.

Kviksjársýningarnar eru þrjár talsins, Kviksjá 20. aldar er kynnt á Kjarvalsstöðum 25. mars, Kviksjá 21. aldar í Hafnarhúsi frá 6. júní og Kviksjá erlendir myndlistar í safneigninni stendur yfir í Hafnarhúsi til 7. maí.

Á sýningunni *Kviksjá: Alþjóðleg safneign* má sjá forvitnileg verk frá ýmsum tímum. Fyrir utan verk eftir listamenn sem dvalið hafa langdvölum hér á landi eru á sýningunni verk eftir listamenn á borð við Carolee Schneemann og Jean-Jacques Lebel sem eru tilkomin vegna tenginga við Erró og veglegar gjafir hans til safnsins, auk sérstakrar gjafir á verkum Flúxus-listamanna. Af nógu er að taka og óhætt að segja að hér kenni ýmissa grasa. Meðal annara listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Alicja Kwade, Barbara Westman, Bernd Koberling, Dale Chihuly, Ian Hamilton Finlay, Karin Sander, Kazumi Nakamura, Lawrence Weiner, Patrick Huse, Roni Horn og Yoko Ono.

Á Kjarvalsstöðum verður opnuð sýningin *Kviksjá: Íslensk myndlist á 20. öld* sem veitir innsýn í íslenska myndlist á 20. öld í gegnum þann hluta menningararfsins sem varðveittur er í Listasafni Reykjavíkur. Á sýningunni er að finna um tvö hundruð listaverk úr safneigninni

og skiptist hún á milli Austur- og Vestursala á árinu 1973, þegar Kjarvalsstaðir voru vígðir. Á sýningunni eru verk eftir marga af fremstu listamönnum þjóðarinnar, verk sem eru vel kunn, en einnig fjölmörg verk sem sjaldan hafa verið sýnd og munu koma mörgum á óvart.

*Kviksjá: Íslensk myndlist á 21. öld* verður opnuð í Hafnarhúsi í júníbyrjun og þar getur að líta úrval af þeim verkum sem safninu hafa áskotnast síðustu tvo áratugi. Safneignin spannar eftir því sem kostur er þá breidd og þær nýju áherslur sem er að finna í íslensku listalífi, ýmist eftir viðurkennda listamenn samtíms sem og verk yngra listafólks sem er að hasla sér völl á vettvangi myndlistarinnar.

**Daglegar örleiðsagnir** kl. 14.00 á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.

**Sunnudagsleiðsagnir** sérfræðinga safnsins kl. 14.00 á Kjarvalsstöðum.

**25.03.–07.08.2023**  
**Kviksjá: Íslensk myndlist á 20. öld**

**Kaleidoscope: Icelandic 20<sup>th</sup> Century Art**

**Sýningarstjórn Curators Edda Halldórsdóttir Markús Þór Andrússon Ólöf Kristín Sigurðardóttir**



# Kaleidoscope – Reykjavík Art Museum's collection

**Kaleidoscope** is the heading of a series of exhibitions where we examine art from Reykjavík Art Museum's collection. This year, we celebrate 50 years since the museum's first location was formally opened at Kjarvalsstaðir. To mark this occasion, special attention is paid to the museum collection, with an opportunity to view and display treasures therefrom. The museum belongs to the city of Reykjavík and therewith its citizens. This is an opportunity to become acquainted with its collection.

Presently, the museum collection holds over seventeen thousand registered artworks of all types and created in various media, from sketches and drafts by Kjarval to contemporary works by emerging and established artists.

A kaleidoscope is a toy that disintegrates the conventional visual field and offers an opportunity of looking at reality in a fragmented pattern. Similarly, an art museum's collection can never be viewed except in parts, in various constructions and different context. At the same time, the museum collection can never be anything but a fragmentary selection of art creation in any given period, and people's view of the works affected by the Zeitgeist of the time.

There will be three Kaleidoscope exhibitions: Kaleidoscope of the 20<sup>th</sup> century is presented at Kjarvalsstaðir on 25 March, Kaleidoscope of the 21<sup>st</sup> century in Hafnarhús on June 6<sup>th</sup>, and Kaleidoscope of international art from the collection is in Hafnarhús until 7 May.

The exhibition *Kaleidoscope: International Collection*, has interesting artwork from different periods. As well as work by artists who have stayed in Iceland for long periods of time, there are pieces by artists like Carolee Schneemann and Jean-Jacques Lebel, who are here because of their connection to Erró and his generous donations to the museum. This also includes a special donation of works of Fluxus artists. There is plenty to choose from and definitely lots to see. Among featured artists are Dale Chihuly, Ian Hamilton Finlay, Roni Horn, Patrick Huse, Bernd Koberling, Alicja Kwade, Kazumi Nakamura, Yoko Ono, Karin Sander, Lawrence Weiner and Barbara Westman.

The exhibition *Kaleidoscope: Icelandic 20<sup>th</sup> Century Art* gives an insight into Icelandic art during the last century through the part of our cultural heritage that is preserved at Reykjavík Art Museum. It contains around two hundred pieces from the museum collection and is divid-

ed between the East and West Galleries, by the year 1973, when Kjarvalsstaðir was opened. The exhibition contains works by many of Iceland's foremost artists, works that are well-known as well as others that have rarely been displayed and will surprise many.

*Kaleidoscope: Icelandic 21<sup>st</sup> Century Art* will be opened in Hafnarhús in the beginning of June, and there will be presented a selection of works the museum has acquired in the last two decades. The museum collection spans as much as possible the breadth and new emphasis that can be found in the Icelandic art scene, with works by well-known artists of our time as well as the works of younger and upcoming artists.

**Daily mini-tours** at 14h00 at Kjarvalsstaðir and Hafnarhús.

**Guided Tour** with a Museum Specialist every Sundays at 14h00 at Kjarvalsstaðir.

Jón Stefánsson, Hraunteigar við Heklu Hraunteigar by Mt. Hekla, 1930.



Christian Ludwig Attersee. Mynd Photo Vigfús Birgisson.





# Myndlistarhúsið á Miklatúni

**01** Myndin er tekin 15. október árið 1965 þegar menntamálaráðherra hélt boð til heiðurs Kjarval á áttæðisafmæli hans. Á myndinni má sjá Bjarna Benediktsson forsætisráðherra og afmælisbarnið, Jóhannes S. Kjarval, þar sem hann er að afþakka fálkaorðuna. Þennan dag var honum jafnframt lofað einbýlishúsi á Seltjarnarnesi og að Kjarvalsstaðir skyldu verða byggðir.

This photo is taken 15 October 1965, when the Minister for Education hosted a party in honour of painter Kjarval on his eightieth birthday. It shows prime minister Bjarni Benediktsson and the guest of honour, Jóhannes S. Kjarval, where the latter is declining the Order of the Falcon. On this same day, he was also promised a villa in Seltjarnarnes and that Kjarvalsstaðir would be built.



01 Mynd Photo: Jóhann Vilberg Árnason (1942–1970).

**02** 18. ágúst 1966. Jóhannes Kjarval listmálari og Geir Hallgrímsson borgarstjóri ræðast við þegar fyrsta skóflustungan er tekin að Kjarvalsstöðum.

18 August 1966. Artist Jóhannes Kjarval and Mayor Geir Hallgrímsson converse as ground is broken for Kjarvalsstaðir.



02 Mynd Photo: Pétur Thomsen (1910–1988).

**03** 1973. Kjarvalsstaðir. Skúlptúr eftir Jóhann Eyfells í forgrunni.

1973. Kjarvalsstaðir. In the foreground, a sculpture by Jóhann Eyfells.

## Opunarsýning Kjarvalsstaða: Myndlistarhúsið á Miklatúni

Sýnd voru 186 verk eftir Kjarval úr eigu ýmissa aðila. Alls komu um 55.000 Íslendingar að sjá þessa sýningu. Hér má sjá nokkrar myndir frá opnuninni þann 24. mars 1973.

## Kjarvalsstaðir Opening Exhibition: The Art Museum at Miklatún

The exhibition had 186 works by Kjarval from various collections. Over 55.000 Icelanders visited the exhibition. Here are a few images from the opening on 24 March 1973.

03 Mynd Photo: Friðbjófur Helgason.



04 Mynd Photo: Vísir.



# The Art Museum at Miklatún

**04** 24. mars 1973. Opunargestir hlýða á ræðu við opnun myndlistarhússins á Miklatúni. Frá hægri: Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri, Sonja Backman, Kristján Eldjárn forseti, Halldóra Eldjárn forsetafrú, Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra og Hinrika Kristjánsdóttir.

24 March 1973. Guests listen to a speech at the opening of the art museum at Miklatún. From right: Mayor Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri, Sonja Backman, President Kristján Eldjárn, Halldóra Eldjárn, Minister for Education, Magnús Torfi Ólafsson, and Hinrika Kristjánsdóttir.



05 Mynd Photo: Vísir.

**05** Forseti Íslands, Kristján Eldjárn og Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri fremstir á mynd skoða sýninguna við vígslu hússins.

President Kristján Eldjárn and Mayor Birgir Ísleifur Gunnarsson in the foreground, viewing the opening exhibition.

**06** Margmenni við opnun sýningarinnar.

A crowd at the opening of the exhibition.

**07** Loftmynd tekin í júní 1973.

Aerial view in June 1973.



06

07





# Kvik-yndin úr safneigninni

## Hvernig ætli skráningar í safneign Listasafns Reykjavíkur líti út ef þær öðlast sjálfstætt líf?

Í ár eru liðin 50 ár frá því að Kjarvalsstaðir voru vígðir og þar með lagður grunnur að starfsemi Listasafns Reykjavíkur í þeirri mynd sem við þekkjum í dag. Á þessum tímamótum var ákveðið að leita í smíðju **Hildigunnar Birgisdóttur** myndlistarmanns og fá hana til þess að rýna í safneignina sem hefur að geyma yfir 17.000 skráningar á listaverkum, teikningum og skissum af ýmsum og ólíkum toga. Hildigunnur fékk algjört frelsi, sem fólst í því að grúska í safneigninni og skoða hvað einkennir hana ár frá ári. Hildigunnur leit á safneignina sem stóran lífrænan massa og tók svo út úr honum ýmsar staðreyndir sem vöktu forvitni hennar, svo sem fjöldi verka, tegundir, ummál, kynjahlutföll, listmiðla og fleira og fleira.

Eftir dágóða yfirlegu og rýni hefur Hildigunnur nú dregið fram viss sjónarhorn sem hún síðan hlutgerir, vekur til lífsins og setur fram á listrænan hátt. Það gerir hún með því að skapa sérstakar safneignarfigúrur. Figúrunar líta út og hegða sér mismunandi eftir árum og eru allar ólíkar að stærð og lögun, allt eftir því hvernig nýskráningar á verkum voru á hverju ári fyrir sig. Figúrir þessar eru sannkölluð *Kvik-yndi* sem Hildigunnur hefur unnið í samstarfi við *QUAD*

*studio* en fyrirtækið sérhæfir sig í tölvugerðu, þrívíðu myndefni fyrir myndlistar- og menningargeirann.

Afraksturinn eru rúmlega 50 Kvik-yndi – eitt fyrir hvert ár en auk þess urðu til sér Kvik-yndi fyrir verk Errós, Kjarvals, Ásmundar og Alfreðs Flóka, sem helgast af því að skráð verk þessara einstaklingssafna eru óvenju mörg í samanburði við heildina. Um safneignina má segja að hún sé mikill fjársjóður og fróðleiksbrunnur sem Listasafn Reykjavíkur varðveitir, rannsakar og miðlar. En hún er líka ólíkindatöl – full af hliðarsögum, þversögnum, furðulegum tilviljunum og óvæntum staðreyndum. Hún segir okkur ótal margt en vekur jafnframt upp nýjar og nýjar spurningar.

Kvik-yndi Listasafns Reykjavíkur birtast á samfélagsmiðlum safnsins en einnig munu þau dúkka upp og vera sýnileg í safnhúsunum og prentefni á afmælisárinu. Við bjóðum Kvik-yndin velkomin til leiks og vonumst til að þau færi gestum frísklega sýn á safneign Listasafns Reykjavíkur.

## Um Hildigunni Birgisdóttur

Hildigunnur Birgisdóttir myndlistarmaður útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2003 og býr og starfar í Reykjavík. Hún hefur sýnt í Listasafni Reykjavíkur, listasafninu GES-2, sem

rekið er af V-A-C Foundation í Moskvu og H2H í Aþenu. Verk hennar má meðal annars finna í safneign Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Nýlistasafnsins og European Patent Office. Hildigunnur verður fulltrúi Íslands á Fenejvatváringnum árið 2024 en Tvíæringurinn er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á heimsvísu. Á marglaga ferli sínum hefur Hildigunnur verið óþreytandi að skoða kerfi og mynstur sem leynast um allt í tilveru okkar. Hún hefur rannsakað hugmyndir okkar um fegurð, notagildi og samhengi hlutanna og hvetur áhorfandann til að efast um jafnvægið á milli skynjunar og raunveruleika. Hildigunnur skoðar oft fáfengilega hluti líkt og takka lyklaborðs, plastklemmur og úðabrusa, og er hver hlutur valinn út frá einfaldleika sínum eða tilvist. Með því að setja fram óskáldlega hluti í nýjum efnum og stærðum undirstrikar Hildigunnur kunnulega eiginleika þeirra en samtímis dregur hún notagildi þeirra í efa.



# The Kvik-yndi from the Museum's Collection

## What would the entries in Reykjavík Art Museum's collection look like if they came to life?

This year marks 50 years since the opening of Kjarvalsstaðir Museum and the start of Reykjavík Art Museum's operation as we know it today. On this occasion, artist **Hildigunnur Birgisdóttir** was invited to scrutinise the collection, which contains over seventeen thousand entries of artworks, drawings and sketches of various origin. Hildigunnur was given free rein to explore the collection and see what characterises it on a yearly basis. Hildigunnur considered the museum collection one large, organic mass, from which she extracted facts that interested her, such as the number of works, types, circumference, gender balance, media etc.

Following her scrutiny and review, Hildigunnur has now elicited certain viewpoints that she then objectifies, brings to life and displays in an artistic manner, by creating particular museum collection figurines. The figurines look and behave differently, depending on which year they represent, and are different in size and shape, based on new collection additions each year. These figurines are true *Kvik-yndi*, which Hildigunnur has created in collaboration with *QUAD studio*, a company that

specialises in computer-generated, 3D images for the art and culture sector.

The result is over 50 Kvik-yndi – one for each year but also special Kvik-yndi for the works of Erró, Kjarval, Ásmundur Sveinsson and Alfreð Flóki, as their individual collections are relatively extensive. The museum collection is a treasure, a well of knowledge that Reykjavík Art Museum preserves, examines and communicates. But it is also quite unpredictable – full of side stories, paradoxes, strange coincidences and surprising facts. It has a lot to tell us, but also raises new questions.


The Kvik-yndi of Reykjavík Art Museum's collection will appear on the museum's social media and also make appearances and be visible in the museum buildings and on printed material during the anniversary year. We welcome Kvik-yndi and hope they will provide guests with a fresh new look at the Reykjavík Art Museum's collection.

## About Hildigunnur Birgisdóttir

Artist Hildigunnur Birgisdóttir graduated from the Iceland University of the Arts in 2003 and lives and works in Reykjavík. She has held exhibitions at Reykjavík Art Museum, the museum GES-2, run by V-A-C Foundation in Moscow, and H2H in Athens. Her work can

be found in the collections of Reykjavík Art Museum, National Gallery of Iceland, The Living Art Museum and European Patent Office.

Hildigunnur will represent Iceland at the Venice Biennale in 2024, one of the most important scenes of contemporary art worldwide. In her multi-layered career, Hildigunnur has tirelessly examined patterns and systems all around us. She has explored our ideas of beauty, utility value and the context of items, and she encourages the viewer to question the balance between perception and reality. She often looks at insignificant things, like caps from a keyboard, plastic clips or spray bottles, selecting each one based on its simplicity or existence. By presenting prosaic items in new materials and sizes, Hildigunnur underlines their familiar properties and at the same time questions their utility value.





# Við sem vinnum hér: Starfsfólkið á bak við Listasafn Reykjavíkur

Hjá Listasafni Reykjavíkur vinnur fjölbreyttur hópur einstaklinga – bæði á bak við tjöldin og við móttöku gesta í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni. Starfsmannahópurinn tryggir að starfsemin gangi snurðulaust fyrir sig og að gestir fái notið þeirra fjölmörgu sýninga og viðburða sem safnið býður upp á ár hvert. Hjá Listasafni Reykjavíkur starfa 61 starfsmenn í 26 stöðugildum.

Árið 2022 komu um 250 þúsund gestir á safnið að virða fyrir sér 16 sýningar í húsunum þremur og njóta þeirra 212 viðburða sem opnir voru almenningi og 122 sérviðburða safnsins af ýmsum toga. Útleiga er stór þáttur í rekstri safnsins og var hún með lífflegra móti á árinu. Þetta ár sóttu hátt í 12 þúsund skólanemar safnið heim og fræddust um sýningar og safnkostinn. Í safneign Listasafn Reykjavíkur eru um 17.300 skráð verk og þar af eru 188 útlitstaverk en safnið annast alla umsýslu og varðveislu þeirra.

**Starfsfólk Listasafns Reykjavíkur**  
**Safnstjóri** ber ábyrgð á stjórnun og rekstri safnsins, þar með talið fjárhags- og starfsáætlunum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana menningar- og ferðamálaráðs og borgaryfirvalda. Safnstjóri skipuleggur sýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess.

Hjá Listasafni Reykjavíkur eru starfræktar fjórar deildir sem allar vinna náið saman og mynda sterka heild sem leggur metnað í starfsemi safnsins.

**Sýninga- og miðlunardeild** hefur umsjón með allri miðlun á vegum safnsins: Skipulagi, gerð og miðlun sýninga, fræðslustarfsemi, dag-skrárgerð og viðburðastjórnun.

**Rekstrar- og þjónustudeild** Hefur umsjón með og ber ábyrgð á fjárreiðum safnsins í umboði og samráði við safnstjóra; sér um gerð fjárhagsáætlana, árs hlutauppgjöra, yfirlita og greininga á fjárhagslegum

upplýsingum. Umsjón með daglegum rekstri, mannaúsmálum og þjónustu safnsins.

Móttökuteymi Listasafns Reykjavíkur stendur vaktina í safnhúsunum þremur alla daga og tekur vel á móti safngestum, veitir upplýsingar og leiðsagnir um sýningarnar.

**Rannsóknar- og varðveisludeild** Hefur umsjón með og ber ábyrgð á allri vörslu og skráningu, sýningagerð og rannsóknum sem byggja á safnkosti listasafnsins, sem og þjónustu við samstarfsaðila, gesti og viðskiptavinum safnsins. Eftirlit með listaverkum í eigu Reykjavíkurborgar sem safnið ber ábyrgð á og staðsett eru á opinberum stöðum í borginni.

**Markaðs- og kynningardeild** Starfsfólk markaðs- og kynningardeilda heldur utan um og samræmir alla kynningu, markaðssetningu og upplýsingagjöf á vegum safnsins til almennings og fjölmiðla. Umsjón og ritstjórn heimasíðu, fréttabréfs, samfélagsmiðla og framleiðsla á kynningarefni.

Ólaf K. Sigurðardóttir er safnstjóri Listasafns Reykjavíkur. Myndir: Róbert Reyinnsson.



Frá vinstri: Marteinn Tausen þjónustustjóri, Björg Helga Áttadóttir deildarfulltrúi og umsjónarmaður útleigu, Ómar Sigurbjörgsson sérfræðingur fasteigna- og öryggismála, Anna Friðbertsdóttir deildarstjóri rekstrar- og þjónustu.

1. röð frá vinstri: Hrafnildur Baldursdóttir, Julia Zakhartchouk, Claus Sterneck, Arnar Hjartarson, Sunneva Lind Ólafsdóttir, Linda Salbjörg Guðmundsdóttir.

2. röð frá vinstri: Nína Guðrún Baldursdóttir, Salome Bregt Hollanders, Þorsteinn Freyr Fjölmisson, Hörður Helgi Tryggvason, Arnfríður Lára Guðnadóttir, Marteinn Tausen Tryggvason, Iris Hadda Jóhannsdóttir, Ásdís Emla Ásmundsdóttir, Harpa Hjartardóttir.

Á myndina vantar: Aðalheiði Gyffadóttir, Lilju Rut Jónsdóttir, Maríónu Evu Dúfu Sveinardóttur, Mirru Elísabetu Valdsardóttur, Pawel Zawisza, Sigríði Dóru Jóhannsdóttur, og Sigríði Gunnarsdóttur.

Erik Hirt sérfræðingur safneignar, Edda Halldórsdóttir verkefnastjóri sýninga, Sigurður Trausti Traustason deildarstjóri safneignar og rannsókna. Á myndina vantar Danielle Kvaran verkefnastjóra Errosafns og Aðalheiði Lilju Guðmundsdóttur sem er í tímabundinni rannsóknarstöðu við safnið.



# We who work here: The People at Reykjavik Art Museum

Reykjavik Art Museum's staff is a diverse group of individuals – both behind the scenes and in the reception of Hafnarhús, Kjarvalsstaðir and Ásmundarsafn. The staff ensures that the museum operation runs smoothly, and visitors can enjoy the numerous exhibitions and events that the museum offers each year. Presently, there are 61 members of staff working 26 full-time equivalent units.

In 2022, almost 250 thousand people visited the museum for its 16 exhibitions in the three buildings and to enjoy the 212 events open to the public and 122 special events. Venue hire for various private receptions and events is a lively part of the museum. Last year almost 12 thousand students visited the museum to learn about its exhibitions and collection. Reykjavik Art Museum's collection contains around 17.300 registered works, of which 188 are outdoor artworks preserved by the museum.

**The Museum Staff**  
**The museum director** is responsible for the management and operation of the museum, including budget and work schedules, personnel matters and executing the decisions made by the Culture and Tourism Council,

and city hall. The museum director organises the exhibitions and is in charge of other professional museum operation.

Reykjavik Art Museum has four departments that work closely together and form a strong and ambitious whole.

**The Department of Exhibitions and Public Engagement** controls all communication by the museum: exhibitions, educational activities, programs and events.

**The Department of Administration and Visitor Services** Supervises and is responsible for the museum's finances with the authority of and in consultation with the museum director; budget planning; interim financial settlements; summary and analysis of financial information. The department also supervises the daily management and services of all parts of the museum, as well as being in charge of its human resources.

The reception team at Reykjavik Art Museum operates the front desks and the galleries of the three museum buildings every day, greeting museum visitors warmly and offering information and guidance about the exhibitions.



Frá vinstri: Arnar Hjartarson grafskur hönnuður, Nathalia Druzin Halldórsdóttir markaðs- og kynningastjóri, Björk Hrafnadóttir sérfræðingur. Á myndina vantar Hildi Ingu Björnsdóttur verkefnastjóra.



Frá vinstri: Erik Hirt sérfræðingur safneignar, Aðalsteinn Stefánsson tæknistjóri, Halla Margrét Jóhannsdóttir verkefnastjóri miðlunar, Markus Þór Andrésson deildarstjóri sýninga og miðlunar, Ingibjörg Hannesdóttir verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, Alís Snorradóttir verkefnastjóri sýninga og Becky Forsythe verkefnastjóri.



Sýningar Exhibitions

**Hafnarhús**  
28.01.–31.12.2023  
**Erró: Skörp skæri**  
Cunning Scissors

16.02.–07.05.2023  
**Kviksjá: Alþjóðleg safneign**  
Kaleidoscope: International  
Collection

16.02.–07.05.2023  
**D47 Logi Leó Gunnarsson:**  
Allt til þessa höfum við ekki  
skilið það dularmál sem berst  
frá þessum hjóðgjöfum  
Until now, we have not  
deciphered the signals from  
these sound emitters

**Kjarvalsstaðir**  
25.03.–07.08.2023  
**Kviksjá: Íslensk myndlist á 20.öld**  
Kaleidoscope: Icelandic 20<sup>th</sup>  
Century Art

**Ásmundarsafn**  
03.02.–07.05.2023  
**Sigga Björg**  
Ásmundur Sveinsson  
Andardráttur á glugga  
Breath on a Window

20.05.–03.09.2023  
**Ásmundur Sveinsson**  
Carl Milles

**Hafnarhús**  
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík  
**Opið daglega 10–17**  
**Fimmtudaga 10–22**  
Open daily 10h00–17h00  
Thursdays 10h00–22h00

**Kjarvalsstaðir**  
Flókagata 24, 105 Reykjavík  
**Opið daglega 10–17**  
Open daily 10h00–17h00

**Ásmundarsafn**  
Sigtún, 105 Reykjavík  
**Opið daglega 13–17**  
Open daily 13h00–17h00

+354 411 6400  
listasafnreykjavikur.is  
artmuseum.is  
#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum



**Útgefandi Publisher**  
**Listasafn Reykjavíkur**  
Reykjavík Art Museum

**Texti Authors**  
Nathalia Druzin Halldórsdóttir  
Ólöf Kristín Sigurðardóttir  
Markús Þór Andrésson

**Þýðing og prófarkalestur**  
Translation and proofreading  
Ingunn Snædal

**Ljósmyndun**  
Photography  
Róbert Reynisson  
Vígfús Birgisson  
Nathalia D. Halldórsdóttir  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Fríblað Your Free Copy

50 ÁR YEARS



Verslaðu við okkur á netinu!  
Look at our webshop!  
[www.verslun.listasafnreykjavikur.is](http://www.verslun.listasafnreykjavikur.is)

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
ART MUSEUM

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTAÐIR

2023